

37

16. apríl

13. gr.

Að afloknu prófinu, skrifar prófnefnd skýrslu um prófið með nöfnum próf-sveina, fæðingardegi og fæðingarstað, ásamt verkefnum við prófið og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða prófbók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en afrit af henni skal senda atvinnuáráðuneytinu.

14. gr.

Glati mótorgæzlumaður prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá afrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 9. janúar 1935, um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924 um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum. Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

38

16. apríl

## REGLUGERÐ

um sölu áfengis til lækninga.

1. gr.

**Áfengi, áfengi til lyfja og áfengislyf.**

**Áfengi** er, samkvæmt reglugerð þessari, vinandi (aethylalkóhól) óblandaður og blandaður öðrum efnum og í hverskonar þynningum, ef styrkleiki hans nemur meiru en  $2\frac{1}{4}\%$  að rúmmáli.

**Áfengi til lyfja** eru þær tegundir vinanda, sem greindar eru á gildandi lyfjaskrá. Þ. e. Alcohol absolutus, Ph. D., Spiritus alcoholisatus, Ph. D., Spiritus concentratus, Ph. D., og Spiritus dilutus, Ph. D. Ennfremur vín þau, er hér greinir: Rauðvín (Vinum Gallicum rubrum), malaga (Vinum Malaga), portvín (Vinum Oporto), sherry (Vinum Xeres) og koniak (Spiritus vini Gallici).

**Áfengislyf** eru hverskonar blöndur, sem hafa inni að halda vinanda eða vín, ef styrkleiki blöndunnar nemur meiru en  $2\frac{1}{4}\%$  af vinanda að rúmmáli. Þegar áfengi til lyfja er látið úti úr lyfjabúð óblandað öðrum efnum, telst það og áfengislyf.

Lyfsöllum og læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, er óheimilt að hafa í lyfja-

búðum sínum, selja eða láta á annan hátt af hendi annað áfengi en það, sem telst áfengi til lyfja eða áfengislyf samkvæmt þessari grein, og þeir hafa aflað sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr. 38  
16. apríl

### 2. gr.

#### Lyfsalar afla sér áfengis til lyfja, svo og áfengislyfja, hjá Áfengisverzlun ríkisins.

Lyfsalar skulu afla sér áfengis til lyfja, svo og áfengislyfja, hjá Áfengisverzlun ríkisins, og er óheimilt að afla sér slíks á annan hátt. Lyfsölum er þannig óheimilt að flytja sjálfir inn í landið hverskonar áfengi og áfengisefni, og þó að lyf séu, ef styrkleikinn nemur meiru en  $2\frac{1}{4}\%$  af vinanda að rúmmáli.

Nú þarf lyfsali að afla sér áfengislyfs yfir  $2\frac{1}{4}\%$  að styrkleika, sem tilbúið er erlendis og ekki fyrirbyggjandi hjá Áfengisverzlun ríkisins, og er honum þá að visu heimilt að panta slíkt lyf erlendis frá, ef það er óhæft til nautnar samkvæmt ákvæðum 1. og 4.—8. tölulið 7. greinar, en ætíð skal hinn erlendi seljandi senda slíkt lyf Áfengisverzlun ríkisins, sem stendur skil á því til viðkomandi lyfsala, enda komi innflutningurinn ekki í bága við gildandi lagafyrirmæli og sé á engan hátt tortryggilegur. En ef svo er, að dómi landlæknis, verður lyfið endursent á kostnað viðkomandi lyfsala.

Er tollvörzlumaður athugar erlendar vörusendingar til lyfsala, skal lyfsali aðstoða hann á allan hátt við eftirlitið, og þar á meðal við að taka sýnishorn af lyfjum til rannsóknar í því skyni að leiða í ljós, hvort um áfengislyf sé að ræða, og skal lyfsali láta honum ókeypis í té ílát og umbúðir um sýnishornin.

### 3. gr.

Læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, afla sér áfengis til lyfja, svo og áfengislyfja, hjá Áfengisverzlun ríkisins. Að hve miklu leyti þeim er heimilt að afla sér áfengislyfja hjá lyfsölum.

Læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, afla sér áfengis til lyfja, svo og áfengislyfja, hjá Áfengisverzlun ríkisins. Þó er þeim heimilt (sbr. 11. gr.) að afla sér þeirra áfengislyfja hjá lyfsölum, sem meiri fyrirhöfn, útbúnað eða kunnáttu þarf til að setja saman, en að það sé yfirleitt á færi lækna, enda sé þeim ekki kunnugt, að áfengisverzlunin hafi slík lyf fyrirbyggjandi. Um vafaatriði skal leita úrskurðar landlæknis.

### 4. gr.

#### Lyfsölum skammtað áfengi.

Áfengisverzlun ríkisins skammtar lyfsölum hæfilegt magn áfengis til lyfja, svo og áfengislyf í samráði við landlækni og að jafnaði til 3 mánaða í senn. Hverri áfengispöntun lyfsala til Áfengisverzlunarinnar skal fylgja sundurliðuð skýrsla um áfengiseyðslu lyfjabúðar hans næstu 3 mánuði á undan, samkvæmt bókum hennar, og rituð á eyðublað, er Áfengisverzlunin lætur í té og gert er

**38** eftir fyrirmælum landlæknis. Skal miða áfengisskammtinn við þessa skýrslu, að svo miklu leyti sem hún sýnir eðlilega meðferð áfengisins að dómi landlæknis. Skýrslunni skulu fylgja áfengislyfseðlar þeir, er lyfsali hefir næstu 3 mánuði á undan afgreitt samkv. 9. og 10. gr., svo og lyfseðlar þeir, er hann hefir afgreitt samkvæmt 3. tölulið 7. gr., og loks kvittanir fyrir afhendingu þeirra áfengislyfja, sem lyfsalinn hefir látið úti samkvæmt 3. og 11. gr. til lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og til sjúkrahúsa.

5. gr.

**Læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, skammtað áfengi.**

Áfengisverzlun ríkisins skammtar læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, áfengi til lyfja, svo og áfengislyf, eftir sömu reglum sem lyfsölum (sbr. 4. gr.). Í skýrslu þeirri, er fylgja ber áfengispöntun lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, til Áfengisverzlunarinnar, skal meðal annars gerð fulluægjandi grein fyrir þeim áfengislyfjum, sem aflað hefir verið hjá lyfsölum samkvæmt 3. og 11. gr. Skýrslunni skal og fylgja afrit af skrá þeirri, er haldin hefir verið yfir útlát áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar samkvæmt 7. gr. (sbr. 5. málsgrein 10. greinar).

6. gr.

**Áfengislyfjasala lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu.**

**Til hvers læknar mega ávísa áfengislyfjum.**

Lyfsölum og læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, er óheimilt að selja eða láta á annan hátt úti áfengi, sem þeir hafa aflað sér til lyfja, eða áfengislyf, til neins annars en lækninga, sjúkdómsrannsókna eða annarar lækningastarfsemi, og gildir þetta jafnt um öll áfengislyf, hvort sem þau eru hæf eða óhæf til nautnar, samkvæmt ákvæðum 7. greinar.

Lyfsölum og læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu, er ekki eingöngu heimilt heldur skylt að neita að láta úti áfengi eða áfengislyf til fólks, sem vitað eða sérstaklega tortryggilegt er um, að muni nota það til nautnar. Þeir skulu og aldrei láta úti neinskonar áfengislyf í stærri skömmtum eða tíðara en svo, að svari til þess, að þau verði notuð á tilætlaðan hátt. Nær þetta hvorttveggja einnig til suðuvínanda, ilmvatna og hverskonar annara iðnaðaráfengisefna, sem lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, kunna að hafa útsölu á.

Enginn læknir má ávísa, hvorki sjálfum sér né öðrum, neinskonar áfengi né áfengislyfjum úr lyfjabúð nema í samræmi við fyrirmæli 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar.

7. gr.

**Hver áfengislyf eru hæf og hver óhæf til nautnar.**

Áfengi til lyfja (sbr. 1. gr.), óblandað öðrum efnum, skal teljast hæft til nautnar (sbr. þó 3. tölulið þessarar greinar). Áfengislyf skulu teljast hæf til

nautnar, nema þau séu talin óhæf til nautnar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. 38

16. apríl

Óhæf til nautnar teljast:

1. Áfengislyf, sem í er 8,6% eða minna af vínanda (Alcohol absolutus, Ph. D. = 9% Spiritus alcoholisatus, Ph. D. = 10% Spiritus concentratus, Ph. D. = 14% Spiritus dilutus, Ph. D. = 22,5% Spiritus vini Gallici) miðað við þyngd, enda sé vinandinn aukaefni lyfsins og engan veginn aðalverkandi efni þess.

2. Áfengislyf, án tillits til styrkleika, ef vinandinn er aukaefni lyfsins og engan veginn aðalverkandi efni þess og ekki er meira látið úti af því í einu en 25 grm. án lyfseðils eða 50 grm. eftir lyfseðli. Hér undir heyrir Aether spirituosus Ph. D., Balsamum de Riga K. A. '22, Liquor balsamicus aromaticus Ph. D. '93, og allir dropar (tincturae), sem greindir eru í gildandi lyfjaskrá, enda sé engin verkandi efni þeirra undan felld, svo og aðrir fyllilega tilsvareandi dropar. Hinsvegar heyra hér ekki undir nein þau áfengislyf, sem vitanlega eru aðallega notuð til nautnar eða til að krydda drykkjarföng, svo sem Tinctura Absinthi composita K. A. '22, Tinctura amara Angostura nostra K. A. '22, Tinctura amara occi-dentalis K. A. '22.

Ef blandað er saman fleiri áfengislyfjum en einu, mega þau samtals ekki nema meiri þunga en hér er greint (25 grm.—50 grm.), enda sé blandan ekki óhæf til nautnar samkvæmt einhverjum öðrum tölulíð þessarar greinar.

3. Áfengislyf án tillits til styrkleika, og þó að vinandi sé aðalverkandi efni lyfsins, ef ekki er meira látið úti af því í einu en 50 grm. (af Spiritus chloroformii 3%, þó allt að 200 grm.), og aðeins gegn lyfseðli og læknum sjálfum til nota (ad usum proprium), enda sé lyfseðlinum haldið eftir í lyfjabúðinni.

Ef blandað er saman fleiri áfengislyfjum en einu, mega þau samtals ekki nema meiri þunga en hér er greint (50 grm.—200 grm.), enda sé blandan ekki óhæf til nautnar samkvæmt einhverjum öðrum tölulíð þessarar greinar.

Komist landlæknir að því, að heimild þessi sé misnotuð af lækni, má hann svipta viðkomandi lækni heimild til að ávísar sér áfengi samkvæmt þessum tölulíð.

4. Áfengislyf, sem á móti hverjum 86 grm. af vínanda (Alcohol absolutus, Ph. D. = 90 grm. Spiritus alcoholisatus, Ph. D. = 100 grm. Spiritus concentratus, Ph. D. = 140 grm. Spiritus dilutus, Ph. D. = 225 grm. Spiritus vini Gallici) hafa inni að halda ferfaldan stærsta skammt (einstakan skammt) eiturefna þeirra, sem hafa tilgreindan stærsta skammt (maximaldosis) í gildandi lyfjaskrá (sbr. þó 5. tölulíð: Jodum), enda séu eiturefnin að fullu uppleyst í lyfinu.

5. Áfengislyf, sem hafa inni að halda eitthvert þeirra efna, er hér fara á eftir og þann þunga, er greinir við hvert þeirra á móti hverjum 86 grömmum af vínanda (sbr. 2. tölulíð), enda sé efnið að fullu uppleyst í lyfinu:

Acidum aceticum, miðað við 5/n .....	10 grm.
Acidum hydrochloridum, miðað við 5/n .....	10 —
Acidum picricum .....	2 —
Acidum salicylicum .....	10 —
Acidum sulfuricum, miðað við 5/n .....	10 —

38  
16. apríl

Aetheroleum sinapis .....	2	gram.
Aetheroleum terebinthinae og aðrar aetheriskar oliur, ennfremur Eucalyptol og Eugenol ....	5	—
Aloe .....	2	—
Alypinum .....	1	—
Ammonii supercarbonas .....	5	—
Anthrasol .....	2	—
Anthrarobinum .....	5	—
Balsamum peruvianum .....	2	—
Balsamum Styrax liquidus .....	10	—
Balsamum terebinthina communis .....	15	—
Benzaldehydum .....	10	—
Benzinum .....	20	—
Benzolum .....	20	—
Benzyli benzoas .....	10	—
Camphora .....	10	—
Chininum og chininsölt .....	2	—
Cloroformium .....	10	—
Collodium .....	30	—
Creolinum .....	2	—
Crystalloviolaceum .....	1	—
Euflavinum .....	1	—
Ferri chloridum .....	5	—
Ichtyol og þvilik efni .....	2	—
Jodum .....	2	—
Kalii hydroxydum .....	3	—
Kresolum crudum .....	2	—
Liquor carbonis detergens .....	5	—
Liquor kresoli saponatus .....	4	—
Mentholum .....	3	—
Naphtolum .....	2	—
Natrii hydroxydum .....	3	—
Oleum Ricini .....	30	—
Phenolphtaleinum .....	1	—
Phenolum .....	1	—
Penosalylum .....	5	—
Phloroglucinum .....	5	—
Pyrogallolum .....	5	—
Resina Guajaci .....	4	—
Resorcinum .....	5	—
Salolum .....	1	—
Sápur allskonar .....	10	—
Solutio aluminium subacetatis 8% .....	20	—

Solutio ammoniaci, miðað við 5/n .....	10	gram.
Solutio formaldehydri 36% .....	5	—
Solutio Hepatis sulfuris .....	10	—
Solutio hydrogenii peroxydi 3% .....	100	—
Solutio plumbi subacetatis 17,8% .....	10	—
Tanninum .....	5	—
Thymolum .....	2	—
Tjörur allskonar .....	2	—
Trikresolum .....	2	—
Zinci chloricum .....	5	—

38

16 apríl

Ef í áfengislyfi eru fleiri en eitt þeirra efna, sem greind eru í þessum tölulið, eða eiturefna þeirra, sem getur í 4. tölulið, og hvert efnið um sig nægir ekki til að gera lyfið óhæft til nautnar, skal engu síður meta lyfið óhæft til nautnar, ef efnin til samans verða talin nægja til þess eftir þeim hlutfallsreglum, sem í þessum töluliðum eru greindar. Hinsvegar skal við mat á því, hvort áfengislyf er óhæft til nautnar eða ekki, taka tillit til þess, ef lyfið hefir jafnframt inni að halda efni, er dregur úr verkunum þeirra efna, sem eiga að gera það óhæft til nautnar.

6. Extracta fluida, sem gerð eru eftir sömu höfuðreglum, sem fyrir er mælt um slík lyf í Pharmacopea Danica. Ennfremur Liquor frangulae Ph. D. og Liquor Ipecacuanhae concentratus Ph. D. og Liquor Valerianae concentratus Ph. D.

7. Linimenta og aðrir áburðir, nema vínandinn skilji sig eða verði auðveldlega skilinn frá hinum öðrum efnum, og sé þá hæfur til nautnar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

8. Áfengislyf, sem í er 17,2% eða minna af vínanda (Alcohol absolutus, Ph. D. = 18% Spiritus alcoholisatus, Ph. D. = 20% Spiritus concentratus, Ph. D. = 28% Spiritus dilutus, Ph. D. = 45% Spiritus vini Gallici), miðað við þyngd, og hefir inni að halda eitthvert þeirra járnefna, er hér fara á eftir og í því hlutfalli á móti vínandanum, sem greint er:

Járnparanukleínat, minnst 1,5 hlutar á móti hverjum 17,2 hlutum af vínanda.

Járnalbumínat	} Svo mikið, að járninnihald lyfsins nemi minnst 0,9 hlutum járns á móti hverjum 17,2 hlutum af vínanda.
Járnkaseínat	
Járnkaseínpeptonat	
Járnmanganpeptonat	
Járnpeptonat	
Járnsykur	

Ennfremur Tinctura Pomi ferrata Ph. D. '07 og Tinctura ferri composita D. A. K. '24.

9. Glycerinum spirituosum D. D. og Spiritus sulfuris cum glycerino D. D., ef ekki er meira látið úti í einu en 50 grm. án lyfseðils eða 100 grm. eftir lyfseðli.

10. Spiritus acidi borici D. D., Spiritus mentholi D. D. og Tinctura pectoralis

**38** K. A. '22, ef ekki er meira látið úti í einu en 100 grm. án lyfseðils og 200 grm. 16. apríl eftir lyfseðli.

8. gr.

**Um afgreiðslu áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar, og um ávísanir lækna á slík lyf.**

Um afgreiðslu áfengislyfja, sem eru óhæf til nautnar samkvæmt 7. gr., af hendi lyfsala og lækna, sem hafa rétt til lyfjasölu, svo og um ávísanir lækna á slík lyf, fer samkvæmt gildandi reglum um afgreiðslu lyfja yfirleitt, að gættum hinum sérstöku fyrirmælum 7. greinar.

9. gr.

**Um afgreiðslu lyfja, sem hæf eru til nautnar og um ávísanir lækna á slík lyf.**

Ekkert áfengislyf, sem hæft er til nautnar samkvæmt 7. gr., má lyfsali eða læknir, sem rétt hefir til lyfjasölu, láta úti úr lyfjabúð (sbr. þó 11. gr.) nema gegn löglegum áfengislyfseðli (sbr. 10. gr.), og sé lyfseðlinum haldið eftir í lyfjabúðinni, enda má læknir ekki ávísá, hvorki sjálfum sér né öðrum (sbr. þó 3. gr.), neinum slíkum áfengislyfjum, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, og gæti, auk almennra fyrirmæla þessarar reglugerðar, hinna sérstöku fyrirmæla 10. gr. um áfengislyfseðla.

10. gr.

**Sérstakt leyfi lækna til að ávísá áfengislyfjum, sem hæf eru til nautnar. Áfengislyfseðlar.**

Læknir, sem óskar heimildar til að ávísá til lækninga (sbr. 6. gr.) áfengislyfjum, sem hæf eru til nautnar samkvæmt 7. gr., sendir beiðni um það til landlæknis og lætur fylgja rökstudda greinargerð, þar sem meðal annars sé tekið fram til hvers hann þurfi að ávísá slíkum áfengislyfjum og hversu mikils hann þarfnast fyrir tiltekið tímabil, sem að jafnaði skal ekki vera lengra en 3 mánuðir. Að fengnum tillögum landlæknis úrskurðar ráðherra, hvort heimildina skuli veita og hve miklu hann megi ávísá á tímabilinu. Lætur landlæknir leyfishafa í té hæfilega mörg eyðublöð undir áfengislyfseðla fyrir tímabilið og skulu eyðublöðin vera tölusett og gerð til tviritunar.

Þegar læknir vill ávísá áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, gerir hann það með því að rita áfengislyfseðil á hið tölusetta eyðublað, er honum hefir verið látið í té samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar, og gætir um það almennra fyrirmæla um gerð lyfseðla. Sérstaklega skal hann gæta þess, að skrifa nákvæma fyrirsögn um notkun lyfsins, greina fullt nafn og heimili sjúklingsins, og dagsetja lyfseðilinn greinilega. Aldrei má læknir ávísá þannig meiru í einu af áfengislyfi en nemi 86 grm. af vinanda (Alcohol absolutus Ph. D. = 90 grm. Spiritus alcoholisatus, Ph. D. = 100 grm. Spiritus concentratus Ph. D. = 140 grm. Spiritus dilutus Ph. D.) og ekki meiru en 160 grm. af koniaki eða 325 grm. af öðrum

vínun, og ekki sama manni tíðar en á 3 náttu fresti. Jafnframt því sem læknir ritar á áfengislyfseðil, tekur hann nákvæmt afrit af honum á þar til gerðan hluta eyðublaðsins, og heldur því eftir og geymir vandlega. **38**  
16. apríl

Nú æskir læknir framhaldsheimildar til að ávísar áfengislyfjum, og sendir hann þá beiðni til landlæknis á ný samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, og lætur fylgja beiðninni öll afrit þeirra áfengislyfseðla, sem hann hefir gefið út á næsta leyfistímabili á undan.

Læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, eru undanþegnir ákvæðum þessarar greinar um áfengislyfseðla, að því er snertir útlát áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, úr þeirra eigin lyfjabúðum, en ekki mega þeir láta úti meira af slíkum áfengislyfjum en fyrir er mælt í 2. málsgrein þessarar greinar, og ekki tíðara til sama manns en þar greinir, enda skulu þeir skrá öll slík áfengislyfjaútlát og greina mánaðardag, í hverju skyni lyfinu hafa verið ávísar og nafn og heimili viðtakanda.

#### 11. gr.

**Heimild lyfsala til að láta úti áfengislyf til lyfjabúða þeirra lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, til sjúkrahúsa, í lyfjaskrín skipa og til ljósmæðra.**

Lyfsölum er heimilt að láta úti til lækna, sem hafa rétt til lyfjasölu, áfengislyf samkvæmt 3. gr., og eins þó að þau kunni að vera hæf til nautnar samkvæmt 7. gr., gegn greinilegri kvittun viðtakanda, er beri með sér hvert lyfið sé, hve mikið og hvenær afgreitt. Á sama hátt er lyfsölum heimilt að afgreiða áfengislyf til sjúkrahúsa gegn kvittun viðkomandi sjúkrahúslæknis, enda ber sjúkrahúslæknir ábyrgð á, að farið sé með slík áfengislyf sjúkrahússins í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Um afgreiðslu áfengislyfja í lyfjaskrín skipa fer eftir gildandi tilskipun um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum og til ljósmæðra samkvæmt gildandi Áhalda- og lyfjaskrá ljósmæðra.

#### 12. gr.

##### **Áfengislyf til tannlækna.**

Um tannlækna gilda sömu reglur sem um lækna, að því er snertir tannlækningalyf.

Til tannviðgerða og tannsmíða skal úthluta tannlæknum nauðsynlegu magni áfengis eftir þeim reglum, sem gilda um iðnaðarafengi.

#### 13. gr.

##### **Áfengislyf til dýralækna.**

Um dýralækna gilda sömu reglur sem um lækna, að því er snertir dýralækningalyf.

**Áfengi til smáskammtalækna.**

Smáskammtalæknum, sem hafa lækningaleyfi, skammtar Áfengisverzlun ríkisins hæfilegt magn áfengis til smáskammtalyfja í samráði við landlækni, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra.

**Áfengisbækur lyfjabúða.**

Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, skulu, hver í sinni lyfjabúð, halda áfengisbók eða bækur, er sýni sem nákvæmast alla meðferð áfengisins. Skal skrá allt það áfengi til lyfja og öll áfengislyf, er aflað er til lyfjabúðarinnar og greina síðan, hvernig áfenginu og áfengislyfjunum er eytt, þannig, að meðal annars verði séð, hvað selt er hæft til nautnar samkv. 7. gr., og hvað fer til lyfja, sem óhæf eru til nautnar samkvæmt sömu grein. Skal haga færslunni þannig, að unnt sé, samkvæmt henni, að gera skýrslu þá, sem fylgja ber áfengisbeiðni viðkomandi lyfsala eða læknis til Áfengisverzlunarinnar (sbr. 4. og 5. gr.).

**Refsiákvæði.**

Um brot á reglugerð þessari, sem sett er samkv. 10. gr. áfengislaga nr. 33, 9. jan. 1935, og refsingar fyrir þau, fer samkv. fyrirmælum nefndra laga.

**Málarekstur.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

**Hvenær reglugerðin öðlast gildi.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi reglugerð 30. desember 1930 um sölu áfengis til lækna, tannlækna og dýralækna og til lyfjabúða, og um skammt áfengis handa þeim, svo og reglugerð 31. desember 1930 um sölu áfengis til lækninga.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Gissur Bergsteinsson.*